

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um skráningu brjóstapúða.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvernig skiptast aðgerðir til að fjarlægja brjóstapúða, sem greint er frá í 3. tölul. svars á þskj. 572 á yfirstandandi löggjafarþingi, eftir því hvort ígræðsla fór fram á Landspítala, öðrum opinberum heilbrigðisstofnunum, á einkastofum eða erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir árum undanfarin tíu ár.
- Hver er ástæða þess að ráðuneytið kallaði ekki eftir upplýsingum um fjölda einstaklinga sem hafa fengið grædda brjóstapúða í sig á einkastofum þrátt fyrir að í 1. tölul. svarsins komi fram að í kjölfar PIP-brjóstapúðamálsins hafi verið lögfest skylda allra aðila til að færa skrá um slík ígræði og þrátt fyrir að Lyfjastofnun geti óskað eftir aðgangi að þeirri skrá?
- Hefur Lyfjastofnun nýtt heimild sína til að óska eftir upplýsingum um brjóstaígræði frá öllum sem gera aðgerðir með ígræðanlegum lækningatækjum, sbr. lagaheimild sem lýst er í 1. tölul. svarsins? Ef svo er, hvers vegna?

Skriflegt svar óskast.